

Barnaheill - Save the Children á Íslandi

**Ársreikningur
2021**



Barnaheill - Save the Children á Íslandi
Fákafeni 9
108 Reykjavík
Kt: 521089-1059

Óendurskoðaður ársreikningur

Efnisyfirlit

Ársreikningur 2021

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	3	Efnahagsreikningur	7
Áritun endurskoðanda og skoðunarmanna	5	Sjóðstreymi	8
Rekstrarreikningur	6	Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur 2021

Barnaheill – Save the Children á Íslandi voru stofnuð hér á landi árið 1989. Tilgangur Barnaheilla er að stuðla að heimi þar sem sérhvert barn fær uppfylltan rétt sinn til lífs, verndar, þroska og áhrifa í samfélaginu. Barnaheill stuðla að bættri umönnun og þjónustu við börn og vinna að því að ná fram varanlegum breytingum til batnaðar á högum þeirra.

Til að stuðla að framgangi þeirra verkefna sem Barnaheill vinna að, beita þau sér fyrir fjáröflun jafnframt því sem þau styðja rannsóknir, forvarnir, menntun og útgáfustarfsemi. Barnaheill vinna á grundvelli samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálans, og hafa hann að leiðarljósi í starfi sínu. Barnaheill taka þátt í starfsemi Save the Children International og vinna með hliðstæðum samtökum erlendis.

Við gerð ársreiknings er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að undanskyldri eign í eignastýringu fjármálafyrirtækja sem færð er á markaðsvirði.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu 2021 að fjárhæð 9,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok ársins var jákvætt um 52,3 milljón samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um breytingar á eiginfjárreikningum.

Starfsemi Barnaheilla var að mestu með hefðbundnum hætti þrátt fyrir heimsfaraldur. Ýmsa starfsemi þurfti þó að aðlaga breyttum aðstæðum.

Hjá samtökunum störfuðu í árslok 12 fastráðnir starfsmenn í rúmlega 10 starfsgildum. Laun og launatengd göld samtakanna á árinu námu alls kr. 110 millj. kr.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Barnaheilla koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31. desember 2021, afkomu árið 2021 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Barnaheilla staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. apríl 2022

Í stjórn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi:

Harpa Rut Hilmarsdóttir

Elísa R. Ingólfssdóttir

Guðlaugur Kristmundsson

Brynja Dan Gunnarsdóttir

Elísabet Guðmundsdóttir

Anni Haugen

Bjarni Torfi Álfþórsson

Framkvæmdastjóri:

Erna Reynisdóttir

Áritun endurskoðanda og skoðunarmanna

Ársreikningur 2021

Til stjórnar og félagsmanna Barnaheilla - Save the Children á Íslandi.

Inngangur

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Barnaheilla - Save the Children á Íslandi fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á gögnum félagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

Umfang

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun á reikningsskilum. Samkvæmt staðlinum ber okkur að skipuleggja og framkvæma könnun til að öðlast hæfilega vissu um að reikningsskilin séu án verulegra annmarka. Könnun takmarkast fyrst og fremst við fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum starfseminnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og veitir þar af leiðandi ekki minni fullvissu en endurskoðun. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum þar af leiðandi ekki í ljós álit um endurskoðun.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Barnaheilla - Save the Children á Íslandi á árinu 2021, efnahag þann 31. desember 2021 og yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 11. apríl 2022

APaL ehf.

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir skoðunarmenn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi höfum yfirfarið ársreikninginn og í því sambandi kannað bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.

Reykjavík, 11. apríl 2022

Ellen Blomsterberg

Pétur Óli Gíslason

Rekstrarreikningur 2021

Ársreikningur 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Heillavinir og félagsgjöld		82.583.750	75.665.628
Fjáröflun	15	40.809.165	24.129.622
Framlög til verkefna	16	19.523.307	26.315.843
Opinber framlög	17	73.938.401	77.553.620
Erlendir styrkir	18	6.137.782	950.027
Aðrar tekjur	19	1.351.752	651.707
	5	<u>224.344.157</u>	<u>205.266.447</u>
Rekstrargjöld			
Innlend verkefni og starfsemi	21	90.675.567	74.315.524
Erlend verkefni	22	61.818.528	68.660.933
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	23	22.425.963	19.887.395
Kynningar og fjáröflun	24	59.512.202	37.316.607
Afskriftir	10, 27	2.279.701	2.185.092
		<u>236.711.961</u>	<u>202.365.551</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		<u>(12.367.804)</u>	<u>2.900.896</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur	25	3.229.397	2.801.086
Fjármagnsgjöld	26	<u>(154.636)</u>	<u>(240.596)</u>
		<u>3.074.761</u>	<u>2.560.490</u>
(Tap) hagnaður ársins		<u><u>(9.293.043)</u></u>	<u><u>5.461.386</u></u>

Skýringar á blaðsíðu 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Ársreikningur 2021

Eignir

	Skýr.	2021	2020
Langtímaeignir:			
Fasteign		6.259.500	6.259.500
Aðrir rekstrarfjármunir		1.422.079	2.585.451
Fræðsluefni		4.882.061	4.272.903
Langtímaeignir samtals	9, 27	<u>12.563.640</u>	<u>13.117.854</u>

Veltufjármunir

Birgðir	11	7.437.571	10.849.876
Viðskiptakröfur	12	3.180.040	6.663.067
Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar kröfur		2.006.975	0
Handbært fé	13	44.921.613	46.397.197
		<u>57.546.199</u>	<u>63.910.140</u>
Eignir samtals		<u><u>70.109.839</u></u>	<u><u>77.027.994</u></u>

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé		52.277.186	61.570.229
	28	<u>52.277.186</u>	<u>61.570.229</u>

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir erlend verkefni		0	3.899.226
Aðrar skammtímaskuldir		17.832.653	11.558.539
		<u>17.832.653</u>	<u>15.457.765</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>70.109.839</u></u>	<u><u>77.027.994</u></u>

Skýringar á blaðsíðu 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Yfirlit um sjóðstreymi 2021

Ársreikningur 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma	(9.293.043)	5.461.386
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	27	2.279.701	2.185.092
Veltufé (til) frá rekstri	(7.013.342)	7.646.478
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, lækkun (hækkun)		3.412.305	(3.228.202)
Skammtímakröfur, lækkun		1.476.052	1.603.202
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		2.374.888	(19.369.539)
Handbært fé frá (til) rekstrar		249.903	(13.348.061)
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	27	(1.725.487)	(1.042.600)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(1.475.584)	(14.390.661)
Handbært fé í upphafi ársins		<u>46.397.197</u>	<u>60.787.858</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>44.921.613</u>	<u>46.397.197</u>

Skýringar á blaðsíðu 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Skýringar

Ársreikningur 2021

Reikningsskilaaðferðir

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eru íslensk hjálpar samtök sem stofnuð voru árið 1989, heimilisfang þeirra eru að Fákafeni 9, 108 Reykjavík. Samtökin greiða ekki tekjuskatt þar sem verkefnið fellur undir undanþáguákvæði 4.tl.4.gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Samtökin greiða hinsvegar fjármagnstekjuskatt og tryggingagjald.

Hlutverk samtakanna er að standa vörð um mannréttindi barna og vera málsvari þeirra á grundvelli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
2. **Matsaðferðir**
Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta við sölu eða innlausn reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Áhættustjórnun

3. Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.
4. Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

Innlausn tekna

5. Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af sölu á vörum og styrkjum. Tekjur og vaxtatekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið.

Erlendir gjaldmiðlar

6. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok reikningsskilatímabils. Áfallinn gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

Verðtrygging

7. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun næsta mánaðar eftir lok reikningsskila. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

8. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2021

Varanlegir rekstrarfjármunir

9. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á upphaflegu kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.
10. Afskriftir eru reiknaðar út frá áætluðum nýtingartíma eignanna. Stofn afskrifta er kaupverð að frádregnu áætluðu söluverði við lok nýtingar.

Birgðir

11. Birgðir samanstanda af ljósa lyklakippum og kennsluefni vegna Vináttuverkefnis. Birgðir vegna Vináttuverkefnis eru færðar niður um 58% á ári, er það talið lýsa einna best hvernig kostnaður sem lagt er í árlega tengist tekjuöflun viðkomandi árs.

Viðskiptakröfur

12. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði að frádregnum þeim kröfum sem kunna að tapast. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur, sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru sannarlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Handbært fé

13. Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en þriggja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Skuldbindingar

14. Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2021

Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur

	2021	2020
15. Fjáröflun:		
Áheitasöfnun	114.000	32.214
Út að borða fyrir börnin	2.527.362	2.671.457
Jóla- og minningarkort	3.229.789	3.418.045
Fjáröflunarvarningur	170.548	682.500
Fjáröflun vegna Verndara barna	15.801.949	17.310.406
Fjáröflun vegna þróunarsamvinnu	18.965.517	0
Styrktarlínur	0	15.000
	<u>40.809.165</u>	<u>24.129.622</u>
16. Framlög til verkefna:		
Styrkir vegna einstakra verkefna	1.000.000	1.548.780
Framlög vegna einstakra verkefna	11.163.000	13.549.020
Framlög vegna erlendra verkefna	6.830.087	9.918.043
Samfélagsstyrkir	530.220	1.300.000
	<u>19.523.307</u>	<u>26.315.843</u>
17. Opinber framlög:		
UTN vegna neyðaraðstoðar	32.249.604	62.123.620
UTN vegna þróunarsamvinnu	24.399.290	0
VEL rekstrarstyrkur	10.000.000	11.000.000
Styrkir vegna einstakra verkefna	7.289.507	4.430.000
	<u>73.938.401</u>	<u>77.553.620</u>
18. Erlendir styrkir:		
Styrkir frá ESB v/Inhope	5.906.329	0
Aðrir erlendir styrkir	231.453	950.027
	<u>6.137.782</u>	<u>950.027</u>
19. Aðrar tekjur:		
Endurgreiddur kostnaður vegna íbúðar fyrir fjölskyldur langveikra barna	1.351.752	651.707
	<u>1.351.752</u>	<u>651.707</u>

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2021

<i>Laun og launatengd gjöld</i>	2021	2020
20. Laun og launatengd gjöld skiptast með eftirfarandi hætti:		
Laun	87.314.730	67.744.496
Áunnið orlof	705.254	(115.713)
Bifreiðastyrkir	2.628.200	2.277.303
Lífeyrissjóður	11.587.309	9.299.040
Tryggingagjald	6.193.354	5.036.868
Önnur launatengd gjöld	1.570.542	1.231.996
Yfirfært á verkefni	(109.999.389)	(85.473.990)
	<u>0</u>	<u>0</u>
Meðalfjöldi starfsmanna	12	9
 <i>Rekstrarkostnaður</i>		
21. Innlend verkefni og starfsemi:		
Vernd gegn ofbeldi	11.368.255	11.705.788
Málsvarahlutverk	385.087	2.455.273
Stuðningsverkefni	0	99.299
Kostnaður vegna íbúðar fyrir fjölskyldur langveikra barna	652.297	690.631
Ungmennaráð	5.000	15.000
Önnur innlend starfsemi	269.215	58.715
Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun	77.995.713	59.290.818
	<u>90.675.567</u>	<u>74.315.524</u>
22. Erlend verkefni:		
Neyðaraðstoð	26.583.355	56.489.991
Þróunaraðstoð	23.896.122	269.500
Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun	11.339.051	11.901.442
	<u>61.818.528</u>	<u>68.660.933</u>

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2021

23. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:	2021	2020
Húsnæðiskostnaður	5.622.642	4.471.328
Aðkeypt bókhalds- og skrifstofuþjónusta	114.220	100.956
Viðhald og rekstur tölvubúnaðar	2.206.518	2.164.337
Sími, internet og pósthjónusta	1.491.791	1.500.789
Upplýsingakerfi og hugbúnaðarþjónusta	717.211	1.547.045
Endurskoðun og reikningsskil	1.062.209	658.093
Prentun, ritföng, smáhlutir og gjafir	389.924	156.459
Tryggingar	83.833	54.723
Aðildargjöld alþjóðasamstarfs	1.559.892	1.366.044
Ferðakostnaður	95.000	101.401
Fundakostnaður og ráðstefnur	380.692	353.879
Starfsmannakostnaður	436.181	379.671
Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun	8.265.850	7.032.670
	<u>22.425.963</u>	<u>19.887.395</u>

24. Kynningar og fjáröflunarkostnaður:

Umsýslugjald vegna innheimtu félagsgjalda og styrkja	9.739.204	9.794.614
Öflun félagsmanna og styrktaraðila	18.920.488	14.604.693
Kostnaður vegna útgáfu jólakorta	1.037.391	744.946
Kostnaður vegna út að borða fyrir börnin	332.866	303.693
Kostnaður vegna áheitasöfnunar	11.848.543	66.627
Kostnaður vegna endursöluvara	4.758.039	4.338.464
Annar sölu- og markaðskostnaður	476.896	214.510
Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun	12.398.775	7.249.060
	<u>59.512.202</u>	<u>37.316.607</u>

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

25. Fjármunatekjur skiptast með eftirfarandi hætti:

Gengishagnaður	0	144.159
Vaxtatekjur	<u>3.229.397</u>	<u>2.656.927</u>
	<u>3.229.397</u>	<u>2.801.086</u>

26. Fjármagnsgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:

Vaxtagjöld	(9.550)	(18.803)
Þjónustugjöld fjármálafyrirtækja	(62.435)	(84.493)
Gjaldfærður fjármagnstekjuskattur	(56.951)	(137.300)
Gengistap	(25.700)	0
	<u>(154.636)</u>	<u>(240.596)</u>

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2021

Varanlegir rekstarfjármunir

27. Varanlegir rekstarfjármunir greinast þannig:

2020	Fasteignir	Áhöld og tæki	Fræðsluefni	Samtals
Heildarverð 01.01.	6.259.500	5.516.097	7.121.505	18.897.102
Yfirtekið við samruna við Blátt áfram		1.042.600		1.042.600
Heildarverð 31.12.	6.259.500	6.558.697	7.121.505	19.939.702
Afskrifað 01.01.	0	2.618.996	2.017.760	4.636.756
Afskrifað á árinu		1.354.250	830.842	2.185.092
Afskrifað 31.12.	0	3.973.246	2.848.602	6.821.848
Bókfært verð 31.12.	6.259.500	2.585.451	4.272.903	13.117.854
2021	Fasteignir	Áhöld og tæki	Fræðsluefni	Samtals
Heildarverð 01.01.	6.259.500	6.558.697	7.121.505	19.939.702
Keypt á árinu		285.487	1.440.000	1.725.487
Heildarverð 31.12.	6.259.500	6.844.184	8.561.505	21.665.189
Afskrifað 01.01.	0	3.973.246	2.848.602	6.821.848
Afskrifað á árinu		1.448.859	830.842	2.279.701
Afskrifað 31.12.	0	5.422.105	3.679.444	9.101.549
Bókfært verð 31.12.	6.259.500	1.422.079	4.882.061	12.563.640
Afskriftarhlutföll	0%	20%	10-40%	

Fasteignamat fasteignar samtakanna nemur 43,7 millj. kr. og brunabótamat hennar nemur 31,68 millj. kr. í lok tímabilsins. Engin veðbönd eru á fasteign samtakanna.

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2021

Eigið fé

28. Yfirlit um eigið fé:

	2021	2020
Eigið fé 01.01.	61.570.229	56.108.843
Afkoma ársins	(9.293.043)	5.461.386
Eigið fé 31.12.	<u>52.277.186</u>	<u>61.570.229</u>

Meðal eigin fjár er bundinn eiginfjárreikningur sem greinist með eftirfarandi hætti:

Bundinn eiginfjárreikningur staða í ársbyrjun	2.671.298	2.317.018
Breyting á óinnleystum hagnaði fjárfestingaeigna í eignastýringu á tímabilinu .	<u>354.280</u>	<u>354.280</u>
Bundinn eiginfjárreikningur staða í árslok	<u>3.025.578</u>	<u>2.671.298</u>

Sjóðstreymisyfirlit

29. Fimm ára sjóðstreymisyfirlit:

	2021	2020	2019	2018	2017
Rekstrarhreyfingar					
Rekstrarafkoma	(9.293.043)	5.461.386	(2.163.334)	622.872	3.343.168
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir	<u>2.279.701</u>	<u>2.185.092</u>	<u>1.165.834</u>	<u>125.000</u>	<u>125.000</u>
Veltufé (til) frá rekstri (<u>7.013.342)</u>	<u>7.646.478</u>	<u>(997.500)</u>	<u>747.872</u>	<u>3.468.168</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, breyting	3.412.305	(3.228.202)	(2.553.984)	(733.002)	(1.788.485)
Skammtímakröfur, breyting	1.476.052	1.603.202	(3.565.302)	(1.190.022)	1.416.846
Skammtímaskuldir, breyting	<u>2.374.888</u>	<u>(19.369.539)</u>	<u>25.721.974</u>	<u>(4.990.775)</u>	<u>4.602.848</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar	<u>249.903</u>	<u>(13.348.061)</u>	<u>18.605.188</u>	<u>(6.165.927)</u>	<u>7.699.377</u>
Fjárfestingahreyfingar					
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárumnum	(1.725.487)	(1.042.600)	(2.228.602)	0	
Breyting á handbæru fé ...	(1.475.584)	(14.390.661)	16.376.586	(6.165.927)	7.699.377
Handbært fé Blátt áframs við samruna			4.122.138		
Handbært fé 1.1	<u>46.397.197</u>	<u>60.787.858</u>	<u>40.289.134</u>	<u>46.455.061</u>	<u>38.755.684</u>
Handbært fé í lok ársins	<u>44.921.613</u>	<u>46.397.197</u>	<u>60.787.858</u>	<u>40.289.134</u>	<u>46.455.061</u>